



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótisdalshrepps í Végarði 16. mars 2018 kl. 16:30.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Breyting á aðalskipulagi. Námur og efnistaka vegna Kröflulínu 3.

Aðalskipulagsbreytingin felst í að skilgreind eru 4 ný efnistökusvæði í Fljótisdalshreppi vegna framkvæmda við Kröflulínu 3. Efnistökusvæðin eru við eða í nágrenni við línuleiðina. Áætlað efnismagn úr hverri námu er á bilinu frá 7.000 m³ og uppí 30.000 m³. Kröflulína 3 er skilgreind í aðalskipulagi hreppsins. Þau svæði sem skipulagsbreytingin tekur til eru óbyggð og ofan 500 m.y.s. og eru inna afréttar Fljótisdalshrepps.

Efnistökusvæðin eru öll við línuleið Kröflulínu 3 á sunnanverðri Fljótisdalsheiði. Einkennisnúmer efnistökusvæðanna hér að neðan eru samkvæmt kerfi Landsnets, í aðalskipulagi Fljótisdalshrepps verða þau einkennd samkvæmt númerakerfi efnistökusvæða aðalskipulagsins sýnd innan sviga.

E-27 (E-17) melar við Sandskeiðskil, sendnir melar þar sem áætlað er að nýta um 30.000 m³. Aðgengi er eftir gömlum slóða.

E-28 (E-18) vestan Bessastaðaár, norðan Þrímela, jökulalda, áætlað er að nýta um 10.000m³. Aðgengi er af línuveginum þar sem hann liggur við efnistökusvæðið.

E-29 (E-19) við Kárahnjúkaveg sunnan í Norðastafelli, jökulruðningsholt sem áður hafa verið nýtt til vegagerðar. Efnistökusvæðið er óskráð í aðalskipulagi. Áætlað efnismagn 20.000m³. Aðgengi er eftir gömlum slóða.

E-30 (E-20) sunnan við Klausturshæð, haugsett efni úr aðkomugöngum Kárahnjúkavirkjunar. Áætlað efnismagn 7.000m³. Aðkoma eftir núverandi slóða. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir breytingu á aðalskipulaginu fyrir sitt leyti en hefur efasemdir um að mikið af nothæfu efni sé á námusvæði E-29 sem á uppdrætti er sýnt suðaustan Kárahnjúkavegar sunnan í Norðastafelli milli afleggjara að Aðgöngum 1 og Kristínarkíls.

2. Verkefnislýsing svæðisskipulags Austurlands.

Verkefnislýsingin var kynnt fyrir fundarmönnum. Byggingar- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við verkefnislýsinguna og samþykkir fyrir sitt leyti að hún verði send til umsagnar hjá Skipulagsstofnun og til annarra þeirra umsagnaraðila sem málið varðar. Verkefnið hljóti síðan afgreiðslu sbr. 23. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Bréf frá Fornleifastofnun Íslands.

Fornleifafræðingar frá stofnuninni verða við störf á Austurlandi í maí og júlí n.k. og geta tekið að sér smærri verkefni á þeim tíma s.s. fornleifaskráningu vegna deiliskipulags. Að svo stöddu er ekki verið að vinna að deiliskipulagi innan sveitarfélagsins og byggingar- og skipulagsnefnd er ekki kunnugt um aðkallandi verkefni á sviði fornleifarannsóknna að svo stöddu og sér því ekki ástæðu til að bregðast við erindi bréfsins.

4. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga til umhverfis- og samgögnunefndar Alþingis vegna breytinga á mannvirkjalögum.

Í umsögninni er lýst verulegum efasemdum um faggildingu byggingarfulltrúa hjá sveitarfélögum. Þessi krafa mun hafa veruleg áhrif á fjárhag og stjórnsýslu embættanna. Byggingar- og skipulagsnefnd tekur heilshugar undir þær ábendingar og varnaðarorð sem koma fram í umsögninni og telur áriðandi og nauðsynlegt að sveitarstjórnarmenn láti sig málið varða og hafi áhrif á framgang þess.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:40

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson